

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur 1-2018

Tími: Fimmtudagur 4. janúar 2018 á Keldnaholti og í síma kl. 16:00

Mætt: Sæmundur Sveinsson, Helena Guttormsdóttir, Þuríður Lillý Sigurðardóttir og Hafdís Hanna Ægisdóttir á Keldnaholti og Hilmar Janusson í símanum. Bjarni Stefánsson boðaði forföll. Guðríður Helgadóttir ritaði fundargerð.

1. Atriði ritskoðað

2. Umfjöllun háskólaráðs um umsóknir um rannsóknaleyfi.

Skýrsla rannsóknamissisnefndar um umsóknir tveggja prófessora um rannsóknaleyfi frá nóvember 2018 til maí 2019, var send á háskólaráðsfulltrúa. Rektor mælir með jákvæðri afgreiðslu með fyrirvara um fjárhagsstöðu skólans 2018 og háskólaráð fellst á þessa tillögu.

3. Kynning á fyrirhugaðri stefnumótunarvinnu Lbhí

Framkvæmdastjórn Lbhí hefur ráðið Guðfinnu Bjarnadóttur og fyrirtæki hennar til að halda utan um stefnumótunarvinnu skólans sem mun hefjast á næstu vikum. Háskólaráð lagði áherslu á að leitast væri við að tryggja sem best aðkomu flestra starfsmanna.

4. Auglýsing um stöðu rektors Lbhí

Útbúa þarf auglýsingu vegna rektorsstöðu Lbhí og auglýsa sem fyrst. Jafnframt þarf að huga að skipan valnefndar vegna ráðningar í rektorsstöðuna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:00